

GANGNASEÐILL ÁRIÐ 2013

Göngur hefjast á Víðidalstunguheiði **mánudaginn 2. september 2013.**

Þann dag fari rekstrarmenn gangnahrossa af stað frá Hrappsstöðum kl. 11:00.

Þeir sem verða keyrðir mæti að Hrappsstöðum kl. 17 með reiðtygi sín.

Næsta dag fari seinniflokkur þaðan á sama tíma, eða kl. 17:00.

Farangur og öll gangnahross verða að vera komin kl. 10 mánudaginn 2. september. í Hrappsstaði. Í fyrri göngum skal smalað bæði sauðfé og hrossum. Sauðfé verður réttað í Valdarásrétt föstudaginn 6. Sept kl. 09:00 og í Víðidalstungurétt laugardaginn 7. sept. og hefjast réttarstörf þar kl. 10:00.

Seinni göngur hefjast laugardaginn 14. sept og verður heiðin leituð á tveimur dögum. Fæðisala í göngum verður á öllum náttstöðum á heiðinni.

Föstudaginn 4. okt skulu þeir sem tilgreindir eru á gangnaseðli sækja stóð í löndin norðan heiðargirðingar. Þeir smali einnig sauðfé. Þeir sem eru tilgreindir til að smala Stóru – Hlíð og Krók smali öllu vestur í Krók. Stóðið verður réttað í Víðidalstungurétt laugardaginn 5. okt og verður stóðið rekið til réttar kl 10:00 þann dag. Talning hrossa fer eingöngu fram í aðalrétt og verður gefinn 30% afsláttur af framtöldum hrossum sem ekki hafa gengið á heiði.

Óheimilt er að taka hross úr réttinni fyrir talningu þeirra.

Fyrri heimalanda smölun fari fram laugardaginn 21. sept og réttað verði í Víðidalstungurétt sunnudaginn 22. sept kl: 10:00.

Seinni heimalanda smölun verður laugardaginn 12. okt og réttað í Víðidalstungurétt sunnudaginn 13. okt kl: 10:00.

Ítrekum skyldur landeigenda til að gera skil á sínum löndum.

Þeir sem ekki eru tilgreindir sem rekstrarmenn gangnahrossa en ætla sér að fara ríðandi fram láti vita til formanns fjallskilanevndar fyrir kl 20 sunnudagskvöldið 1 sept.

Ætli menn að ríða með rekstramönnum þurfa þeir að ræða það við umsjónarmann.

Fólk sem hyggst fara með gangnamönnum skal afla sér leyfis gangnastjóra. Einnig er þeim sem hlut eiga að máli bent á að panta fæði hjá ráðskonu með góðum fyrirvara. Allar nánari upplýsingar veitir formaður fjallskilanevndar, Sigtryggur í síma: 848 0007.

Heygjald fyrir aukafólk sem fer með gangnamönnum kr. 2000.

Athygli skal vakin á því að engan má senda í göngur yngri en 15. ára nema með leyfi gangnastjóra, samkvæmt 18. gr Fjallskilareglugerðar Húnabíng vestra.

Gangnastjórar og aðrir sem tilgreindir eru í gangnaseðli til að hafa umsjón með fjallskilum, skipa nánar fyrir um framkvæmd þeirra.

Tímakaup vegna aukaverka: verður 2.070 kr. fyrir mann og fyrir hjól 2.070 kr., hvort tveggja samkvæmt reikningi.